

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra sf.

12. fundur stjórnar 27.03.2020

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Kristján Þór Magnússon, Hafrún Olgeirsdóttir, Heiðbjört Ólafsdóttir, Áslaug Halldórsdóttir, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, og Hildur Sveinbjörnsdóttir.

Fundargerð

1. Staða Hvamms í ljósi covid-19 faraldursins

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í stuttu máli.

Áslaug Halldórsdóttir og Hildur Sveinbjörnsdóttir fóru nánar yfir þau úrræði sem grípa hefur þurft í vegna covid-10 faraldursins eins og t.d. heimsóknarbann og ráðstafanir varðandi sjúkrahjálfunina og matartíma. Einnig var farið yfir viðbragðsáætlanir sem eru í gangi og mannauðsmál.

Ljóst er að engin starfsemi er í Sjúkrahjálfun Húsavíkur um þessar mundir og stjórn DA samþykkir að ekki verði sendir út greiðsluseðlar fyrir leigu í apríl og maí til að koma til móts við tekjuskurðingu þeirra starfsmanna sem þar vinna. Nánari útfærsla verður svo skoðuð á næstu fundum stjórnar.

2. Hugmyndasamkeppni að uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis

Stjórnarformaður gerði grein fyrir því að dómnefnd vinni nú á vikulegum fundum og greindi frá því að 32 tillögur hafi borist í keppnina. Stefnt er að því að niðurstaða dómnefndar liggi fyrir í endann maí.

3. Rekstur

Framkvæmdastjóri fór yfir reksturinn í stuttu máli. Ljóst er að fjárhagleg áhrif covid 19 verða þónokkur ef fram heldur sem horfir. Tekjur eru minni en ella þar sem ekki er verið að til dæmis þjónusta dagvistun og hvíldarinnlagnir en það munu liggja fyrir nánari gögn um það fljótlega eftir páska og stjórnin tekur afstöðu á fundi sínum í maí nk.

Fundi slitið kl: 15:00